

89. stjórnarfundur Bergrisans bs.

3.11.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:30.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Eggert Valur Guðmundsson, Elliði Vignisson og Ása Valdís Árnadóttir. Sandra Sigurðardóttir kom inn kl. 15.
Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerðir þjónusturáðs númer 193 og 194. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

1.a. Beiðni um kostnaðarpáttöku á sértæku vistunar- og skólaúrræði - 105585

Hveragerðisbær óskar eftir áframhaldandi aðkomu Bergrisans bs. vegna kostnaðarpáttöku á sértæku vistunar- og skólaúrræði.

Kostnaðarlíkan út árið 2025

Heildarkostnaður: 150.914.420 kr.

Hveragerðisbær: 40.914.428 kr.

Bergrisinn: 109.999.992 kr.

Stjórn samþykkir ofangreindan kostnað vegna 2025 sem og að taka við verkefninu árið 2026.

1.b. Beiðni um flutning NPA samnings - 102717

Beiðni um flutning NPA samnings frá Garðabæ til Sveitarfélagsins Ölfus. NPA samningurinn er 120 vinnustundir á mánuði, engar vinnustundir eru notaðar í aðstoðarverkstjóra. Upphæð samnings á mánuði er kr. 974.040.

Óskað er eftir að samningurinn verði samþykktur frá og með 1. janúar 2026.

NPA samningur á mánuði – taxti 8.117 kr.

Samningur í heild, 120 tímar á mánuði: 974.040 kr.

Stuðningsþjónusta, 60 tímar á mánuði: 487.020 kr.

Bergrisinn, 60 tímar á mánuði: 487.020 kr.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

1.c. Heildræn stefnumótun um málefni fatlaðs fólks

Stjórn Bergrisans hefur ákveðið að vinna heildræna stefnu í málefnum fatlaðs fólks. Verkefnastjóri Bergrisans heldur utan um verkefnið. Undirbúningsvinna er hafin og mun standa fram að áramótum. Gerð stefnu með starfshópum mun fara fram í byrjun næsta árs.

Verkefnastjóri leggur til að starfshópar verði skipaðir forstöðumönnum, deildarstjórum, fulltrúum fagteymis og þjónusturáðs. Verkefnastjóri leggur til að starfshópar vinni að mörkun stefnu en leiti samráðs við notendur, íbúa, kjörna fulltrúa auk annarra haghafa í ferlinu.

Stjórn samþykkir tillöguna og felur verkefnastjóra að skipa starfshópana.

1.d. Beiðni um flutning NPA samnings - 105570

Beiðni um flutning NPA samnings frá Akureyrarbæ til Árborgar. Samningurinn er 139 vinnustundir á mánuði, þar af 16 vinnustundir í aðstoðarverkstjórn. Upphæð samnings á mánuði er kr. 1.128.263.

Óskað er eftir að samningurinn verði samþykktur frá og með 1. janúar 2026.

NPA samningur á mánuði – taxti 8.117 kr.

Samningur í heild, 139 tímar á mánuði: 1.128.263 kr.

Stuðningsþjónusta, 60 tímar á mánuði: 487.020 kr.

Bergrisinn, 79 tímar á mánuði: 641.243 kr.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

1. e. Endurskoðun afgreiðslu vegna beiðni um hækkun á NPA samningi - 102589

Á síðasta stjórnarfundum var samþykkt beiðni um hækkun á NPA samningi (auðkenni 102589). Þjónusturáð leggur til að leiðréttu útreikninga bakvakta og að miðað verði við 1.438 kr. á tímann í stað 1.179 kr. en að öðrum breytingum á samningi verði hafnað.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs.

1. f. Beiðni þjónusturáðs um áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum

Stjórn ræddi beiðni þjónusturáðs og hvernig hægt er að efla upplýsingaflæði milli þjónusturáðs og stjórnar og felur verkefnastjóra að útfæra málið með þjónusturáði.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs að öðru leyti.

2. Beiðni Sólheima um gögn

Stjórnarformaður Sólheima hefur óskað eftir afhendingu gagna í máli sem var sent stjórn Bergrisans. Lögfræðingur hefur metið umrædda beiðni og gögn sem um ræðir og telur rétt að verða við beiðninni.

Meirihluti stjórnar samþykkir beiðnina, Eggert Valur Guðmundsson situr hjá við atkvæðagreiðslu.

3. Beiðni Sólheima um aukin framlög

Sólheimar hafa sent stjórn Bergrisans beiðni um aukin framlög vegna ársins 2025. Starfsfólk Sólheima og Bergrisans hefur unnið að því undanfarið í sameiningu að ná fram niðurstöðu í þá útreikninga og er sú vinna enn í gangi og upplýsingar enn að berast frá Sólheimum.

Stjórn Bergrisans lýsir yfir góðum vilja til að finna lausnir þegar nákvæmari útreikningar liggja fyrir. Stjórn felur starfsmönnum Bergrisans að halda áfram samtali og samvinnu við Sólheima til að hægt sé að leggja fram nákvæmari beiðni og mun þá taka málið fyrir þegar nánari niðurstaða liggur fyrir.

4. Reglur Bergrisans um notendasamninga

Verkefnastjóri leggur fram reglur um notendasamninga til samþykktar hjá stjórn.

Stjórn samþykkir reglurnar.

5. Gjaldskrá Bergrisans 2026 vegna stuðningsfjölskyldna

Lagt er fram til samþykktar gjaldskrá 2026 vegna stuðningsfjölskyldna. Gjaldskrá hækkar um 4,1% milli ára og verður þá eftirfarandi:

| Flokkar | Sólarhringur |
|----------------|---------------------|
| 1. flokkur | 51.292 kr |
| 2. flokkur | 39.735 kr |
| 3. flokkur | 33.615 kr |

Stjórn samþykkir gjaldskrána.

Sandra Sigurðardóttir mætti inn á fund.

6. Skaftholt

Farið var yfir stöðu mála í Skaftholti og lögð var fram beiðni frá Skaftholti um nýjan samning.

Að teknu tilliti til m.a. rekstrarúttekta, gæðaúttekta og faglegs mats um að ekki beri að fjölga íbúum í Skaftholti er það ákvörðun stjórnar að endurnýja ekki langtímasamning við Skaftholt. Hins vegar, með velferð íbúa að leiðarljósi og samkvæmt faglegu mati, samþykkir stjórn Bergrisans að gera samning til tveggja ára við Skaftholt um þjónustu við þá þjónustunotendur sem búsettir eru í Skaftholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (5 íbúar) en að þjónustusamningur verði ekki endurnýjaður þegar samningstíma lýkur. Jafnframt að unnið verði að því á tímabilinu, í samráði við íbúa, að finna hentugt húsnæði sem tekur við í kjölfar flutnings sem geti þá leitt til endurskoðunar á gildistíma samnings til styttingar. Af hálfu Bergrisans er óskað eftir því að eiga sem best samstarf við íbúa, starfsfólk og stjórn Skaftholts á samningstímanum. Stjórn Bergrisans þakkar starfsfólki og stjórnarmönnum í Skaftholti fyrir sitt framlag og samvinnu í gegnum tíðina í þágu þjónustunotenda.

7. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 15:25.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 14.11.2025
Tími: 09:13:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 690517e7-
773b-41bc-b1f3-
687dcc150fe9

Elliði Vignisson



Undirritað af:
Elliði Vignisson
2804695649
Dags: 17.11.2025
Tími: 15:55:36
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 690517e7-
773b-41bc-b1f3-
687dcc150fe9

Sandra Sigurðardóttir



Undirritað af:
Sandra Sigurðardóttir
0602834949
Dags: 13.11.2025
Tími: 19:08:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 690517e7-
773b-41bc-b1f3-
687dcc150fe9

Bragi Bjarnason



Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 13.11.2025
Tími: 14:35:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 690517e7-
773b-41bc-b1f3-
687dcc150fe9

Eggert Valur Guðmundsson



Undirritað af:
Eggert Valur
Guðmundsson
1508633179
Dags: 18.11.2025
Tími: 19:27:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 690517e7-
773b-41bc-b1f3-
687dcc150fe9